

## Áætlun hafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

### 1. Upplýsingar um höfnina.

#### Stjórnsýsluupplýsingar.

Útgáfudagssetning	20.06.2024.
Nafn hafnar	Sauðárkrókshöfn
Tegund hafnar	Meðalstór fiskihöfn/minniháttar farmskipahöfn/frístundahöfn
Heimilishöfn	Háeyri 2, 550 Sauðárkrókur Ísland
Tengiliður	Dagur Þ. Baldvinsson
Staða tengiliðs	Hafnarstjóri/verndarfulltrúi
Sími	+354 4535169
Fax	+354 4535248
E-mail	<a href="mailto:hofnin@skagafjordur.is">hofnin@skagafjordur.is</a>
Heimasíða	<a href="http://hofnin.skagafjordur.is">http://hofnin.skagafjordur.is</a>
Fjöldi og tegund skipa og báta er nota höfnina.	- 20 þilfars- og opnir fiskibátar - 8 stór fiskiskip. - 30 skemmtibátar - Ca. 80 flutningaskip á ári.

#### Yfirlit yfir starfsemi innan hafnar.

Sauðárkrókshöfn er staðsett á norðvesturlandi, innst í Skagafirði vestanverðum. Starfsemi tengd höfninni er fiskvinnsla, bæði bolfisk og rækju sem og vöruflutningar á sjó og landi. Íslenska gámafélagið sér um að taka allt sorp að beiðni hafnarvarða.

**Reglur um leiðbeiningar til viðskiptavina Skagafjarðarhafna fylgir með í viðhengi og er birt inn á heimasíðu Skagafjarðarhafna.**

**FISK-Seafood hf.** er stór bolfiskvinnsla í eigu Kaupfélags Skagfirðinga og gerir út 3 togara. Starfsmenn eru Ca.240.

**Dögun** er stór rækjuvinnsla og er í viðskiptum við breytilegan fjölda rækjuskipa, sem veiða á íslandsmiðum sem og á fjarlægum miðum. Starfsmenn eru 30.

**Vörumiðlun** sér að mestu leyti um afgreiðslu fiski- og flutningaskipa.

**Ísfell ehf.** er þjónustuaðili með veiðarfæri.

**Fiskmarkaður Snæfellsbæjars** sér um móttöku fisks af smábátum.

Um það bil 80 flutningaskip koma á ári og hefur umferð verið að aukast eftir mikinn samdrátt er strandflutningar lögðust af. Árið 2023 námu þessir flutningar um 45.000 tonnum. Fæst flutningaskip losa úrgang eða farmleifar.

15-20 litlir fiskibátar sem eru í eigu heimamanna nota höfnina. Sorp frá þeim er nánast ekkert.

Um það bil 30 frístundabátar nota höfnina, flestir yfir sumartímann en nokkrir allt árið. Sorp frá þeim er nánast ekkert.

## A). Þörfin fyrir sorphirðuaðstöðu.

### 2. Meðhöndlun úrgangs á Sauðárkrókshöfn.

Tafla 1 sýnir áætlað magn sorps í kílóum sem tekið var á móti árið 2023.

Tegund skips	Fjöldi skipa er notaði aðstöðuna	Úrgangur mótttekinn árið 2023 (kg).						
		Almennur-úrgangur	Enduvinnanleg efni	Neta-úrgangur	Lífrænn úrgangur	Hættuleg efni	Fljótandi úrgangur, olía/skolp.	Annað sorp
Lítill fiskiskip	200	330		210				
Stór fiskiskip, togarar	180	19000		11000		50	140000	
Flutningaskip	80	1450		0				
Skemmtibátar	40	110						

Tafla 2 sýnir hvernig Sauðárkrókshöfn meðhöndlar úrgang frá skipum og bátum.

	Tegund aðstöðu	Aðferð við söfnun	Árlegt magn	Gjald vegna notkunar
Heimilis-sorp	Gámur	Starfsmenn skipaafgr.setja sorp í gáminn	20890	16.091 kr/m <sup>3</sup>
Endurvinnanlegt sorp	Gámar	Plast, stál, timbur og pappa gámar til staðar. Drykkjarumbúðir sem skipverjar halda til haga.		
Neta-afgangar	Gámur	Fer í gám	1210	16.091 kr/m <sup>3</sup>
Lífrænt sorp				
Hættuleg efni		Fer beint í Flokku sorpstöð	50	
Fljótandi úrgangur / olía	Tankur frá Olíudreifingu	Togarar fá tank að skipshlið, minni bátar setja sína olíu í smátank sem er á hafnarsvæðinu	140000	
Fljótandi úrgangur / skolp	Flokka kemur með dælubíl með tank	Beint í tank		

## Tilgangur með gerð áætlunarinnar.

Tilgangurinn með gerð þessarar áætlunar er að koma í veg fyrir mengun frá skipum og draga úr því magni úrgangs sem berst út í umhverfið.

Á Sauðárkrókshöfn er 9 m<sup>3</sup> ruslagámas staðsettir á áberandi stað og vel aðgengilegir og sýnilegir frá skipum. Aðstaðan í höfninni telst fullnægjandi miðað við þarfir skipanna sem koma til hafnarinnar. Gámurinn er losaður þegar hann er fullur sem er nánast vikulega. Skipaafgreiðsla Vörumiðlunar sér um að koma sorpi frá skipum í ruslagám eða til Flokku. Engin formeðferð er á sorpi á Sauðárkrókshöfn.

## Þrjár sorptunnur er staðsett við hverja flotbryggju með flokkunaraðstöðu.

Þegar SafeSeanet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort eigi að skila úrgangi í land. Ef misræmi er á upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við umboðsmann skips og krafist skýringa og leiðréttingar gerðar þar sem þarf að leiðrétta.

Gjald vegna þjónustu við skip og báta er auglýst í gjaldskrá fyrir Sauðárkrókshöfn. Sorpgámar hafnarinnar er ekki til almennra afnota fyrir íbúa Sauðárkróks.

Móttaka og förgun á sorpi er unnin í góðri samvinnu við íslenska gámafélagið, FISK-Seafood sem er aðalnotandi sorpgámsins, ásamt skipaafgreiðslu Vörumiðlunar. Starfsmenn skipaafgreiðslu Vörumiðlunar sjá um að koma með sorp í gámana. Íslenska gámafélagið sér um að losa gáma á hafnarsvæðinu eftir beiðni hafnarvarða.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra eða sent tölvupóst á [hofnin@skagafjordur.is](mailto:hofnin@skagafjordur.is). Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyrvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Hafnarverðir Hafnarsjóðs Skagafjarðar ásamt verkstjórum skipaafgreiðslu Vörumiðlunar sjá um að úrgangur og sorp frá skipum og bátum fari í sorpgám.

## Texti v. SSN tilkynninga:

Þegar SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning. Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits).

Áætlun þessi er unnin í samræmi við lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs, ásamt reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum. Reglugerð nr. 1201/2014 um gjalddöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum. Einnig í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, ásamt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum, reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur, reglugerð 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum

Skráning á magni sorps fer þannig fram að allt sorp er vigtað og skráð á viðkomandi skip ásamt öðrum hafnargjöldum, en þó aðskilið.

Skólpi er, ef þarf, dælt beint í sérstakan bíl frá íslenska gámafélaginu, sem er með skólptank.

Áætlun þessi, sem tengiliður ber ábyrgð á, er endurskoðuð á þriggja ára fresti, og oftár ef þörf krefur. Næsta endurskoðun fer fram eigi síðar en árið 2027. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Skagafjarðahafna. <https://hafnir.skagafjordur.is/>